

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi fyrrum Borgarfjarðarhrepps vegna efnistöku í Fjarðará, stækkunar íbúðarbyggðar og nýs athafnasvæðis á Borgarfirði eystra, Múlaþingi.

Skipulagsstofnun staðfesti 6. júní 2023 breytingu á aðalskipulagi fyrrum Borgarfjarðarhrepps 2004-2016 sem samþykkt var í sveitarstjórn 15. mars 2023.

Í breytingunni er skilgreint nýtt efnistökusvæði B13 í Fjarðará og sett ákvæði um efnismagn fyrir svæðið og einnig fyrir svæði B8. Íbúðarbyggð ÍB1 á Borgarfirði eystra er stækkuð lítillega vegna nýrrar lóðar og svæði BS7 fyrir samfélagsþjónustu er breytt í athafnasvæði BA1, þar sem á svæðinu er dúnvinnsla.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 6. júní 2023.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 20. júní 2023